



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um stjórnun leikskóla við Kleppsveg

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. mars 2021, umsögn foreldraráðs Brákarborgar, dags. 8. febrúar 2021, umsögn stjórnar foreldrafélags Brákarborgar, dags. 10. febrúar 2021 og umsögn starfsfólks Brákarborgar, ódags.:

Skóla- og frístundaráð leggur til að nýr leikskóli við Kleppsveg 150-152 tilheyri leikskólanum Brákarborg og að stjórnanda Brákarborgar verði falið að stýra stækkandi leikskóla. Stofnaður verði samráðshópur sem hefur það hlutverk að vinna að stækkun leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp og að tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra. Leikskólastjóra Brákarborgar ásamt fulltrúa fagskrifstofu leikskólamála skóla- og frístundasviðs verði falið að stýra vinnu hópsins og fulltrúi mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs verði starfsmaður hópsins. Í hópnum sitji fulltrúi millistjórnenda leikskólans, fulltrúi annars starfsfólks og fulltrúi foreldra. Fulltrúi fagskrifstofu leikskólamála verði jafnframt tengiliður vegna framkvæmdahluta verkefnisins.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér mér vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillaga um nýjan leikskóla við Kleppsveg sem tilheyri leikskólanum Brákarborg fær almennt góðar viðtökur í umsögnum foreldra og starfsfólks enda um að ræða myndarlega viðbót við flóru leikskóla í borginni og rými fyrir rúmlega 120 börn til viðbótar í hverfi þar sem eru hvað flestar umsóknir um leikskólapláss. Ýmsar gagnlegar ábendingar koma fram í umsagnarferlinu þar með talið um mikilvægi þess að áfangaskipta inntöku barna til að tryggja faglegt starf, standa vörð um hinn góða „Brákarborgaranda“, huga vel að tímanlegri ráðningu starfsfólks, góðu upplýsingastreymi um framkvæmdina o.s.frv. Með hliðsjón af umsögnum verður nú settur á fót samráðshópur með aðkomu starfsfólks, stjórnenda og foreldra sem fær það hlutverk að vinna að stækkun leikskólans með áherslu á innra starf, starfsmannamál, gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð

Minnisblað, dags. 3. mars 2021

Umsögn foreldraráðs Brákarborgar, dags. 8. febrúar 2021

Umsögn stjórnar foreldrafélags Brákarborgar, dags. 10. febrúar 2021

Umsögn starfsfólks Brákarborgar, ódags.:

Tillaga skóla- og frístundaráðs um stjórnun og rekstur nýs leikskólahúsnæðis að Kleppsvegi 150-152

Skóla- og frístundaráð leggur til að nýr leikskóli við Kleppsveg 150-152 tilheyri leikskólanum Brákarborg og að stjórnanda Brákarborgar verði falið að stýra stækkandi leikskóla. Stofnaður verði samráðshópur sem hefur það hlutverk að vinna að stækkun leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp og að tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra. Leikskólastjóra Brákarborgar ásamt fulltrúa fagskrifstofu leikskólamála skóla- og frístundasviðs verði falið að stýra vinnu hópsins og fulltrúi mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs verði starfsmaður hópsins. Í hópnum sitji fulltrúi millistjórnenda leikskólans, fulltrúi annars starfsfólks og fulltrúi foreldra. Fulltrúi fagskrifstofu leikskólamála verði jafnframt tengiliður vegna framkvæmdahluta verkefnisins.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs, 12. nóvember 2020, var samþykkt erindi fjármála – og áhættustýringarsviðs þar sem óskað var eftir heimild til kaupa á húsnæðinni við Kleppsveg 150 – 152 svo nýta mætti húsnæðið fyrir leikskóla.

Kaup á húsnæðinu falla undir aðgerðaráætlunina Brúum bilið sem samþykkt var í borgarstjórn 18. nóvember 2018 og felur í sér fjölgun leikskólarýma í öllum borgarhlutum svo bjóða megi börnum allt frá 12 mánaða aldri í leikskóla borgarinnar. Í upphaflegri áætlun var stefnt að því að fjölga leikskólarýmum um 700-750 á árunum 2019-2023 með byggingu nýrra leikskóla, viðbyggingum og/eða fjölgun leikskóladeilda við starfandi leikskóla, einkum þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Nú er verið að endurskoða þá áætlun og er stefnt að því að rýmum fjölgi talsvert meira á tímabilinu. Liður í því er að bæta við verkefnum sem fela í sér endurbætur á eignum borgarinnar svo þær megi hýsa nútímalegt leikskólastarf.

Húsnæðið að Kleppsvegi er í næsta nágrenni við leikskólann Brákarborg sem stendur við Brákarsund en á milli húsanna eru 280 metrar í beinni loftlínu en 360 metra göngu- og akstursleið.



Leikskólinn Brákarborg er í einu elsta leikskólahúsnæði borgarinnar en hann tók til starfa 1952. Í leikskólanum geta í dag verið samtímis 44 börn og því er Brákarborg fámennasti leikskóli borgarinnar. Hann hefur hins vegar um árabíl verið eftirsóttur af foreldrum og þar er jafnan langur biðlisti barna.

Árið 1995 var byggt við leikskólann en þó er allt rými af mjög skornum skammti ekki síst þegar kemur að allri aðstöðu fyrir starfsfólk. Nú þegar samþykkt hefur verið að kaupa húsnæðið við Kleppsveg skapar það tækifæri til að stækka Brákarborg og reka undir einni stjórn um það bil 160-170 barna leikskóla í þessum tveimur húsum. Núverandi húsnæði Brákarborgar mætti til dæmis hugsa sér fyrir yngstu leikskólabörnin en húsnæðið að Kleppsvegi fyrir eldri börnin. Með þessu væri hægt að skapa starfsmönnum mun betri starfaðstæður s.s. til undirbúnings, viðtala og fundarhalda í hinu nýja húsnæði. Lagfæringar á núverandi húsnæði Brákarborgar eru þó alltaf nauðsynlegar.

Með hliðsjón af framansögðu og nálægðar þessara starfseininga er lagt til að hið nýja húsnæði tilheyri leikskólanum Brákarborg og að stjórnanda Brákarborgar verði falið að stýra þessum stækkandi leikskóla.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samantekt úr umsögnum vegna tillögu um stjórnun og rekstur nýs leikskólahúsnæðis að Kleppsvegi 150-152

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. janúar 2021 var lögð fram tillaga um að nýr leikskóli við Kleppsveg 150-152 tilheyri leikskólanum Brákarborg og að stjórnanda Brákarborgar verði falið að stýra stækkandi leikskóla. Á fundinum var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

Lagt er til að tillaga um stjórnun og rekstur nýs leikskólahúsnæðis að Kleppsvegi verði send til umsagnar foreldraráðs og foreldrafélags leikskólans Brákarborgar, starfsfólks Brákarborgar og íbúaráðs Laugardals

Foreldraráð Brákarborgar, foreldrafélag Brákarborgar og starfsfólk Brákarborgar skilaði inn umsögnum. Íbúaráð Laugardals skilaði ekki inn umsögn. Í umsögnunum kemur fram að almenn ánægja sé með stækkun leikskólans sem er talin bjóða upp á útbreiðslu þess góða starfs sem unnið er í Brákarborg þá sérstaklega vinnu með Lausnahringinn og reynslu og árangur í sérkennslu. Mikil áhersla er á að „Brákarborgarandanum“ sé viðhaldið og viðmót og persónuleg samskipti haldist þó leikskólinn stækki til muna. Mikið traust er til stjórnendateymis leikskólans að leiða þá vinnu sem þarf í stækkunarferlinu og lögð áhersla á að stjórnendum sé tryggt umboð, fjármagn og tími sem þarf til að verkefnið fari sem best fram.

Helstu athugasemdir frá foreldraráði Brákarborgar

- Áfangaskipta inntöku barna til að tryggja faglegt starf
- Húsnæði og útileiksvæði verði klárað áður en starfsemi hefst
- Tryggja þarf að fyrirkomulag með tveimur starfsstöðvum bitni ekki á líðan og menntun barna
- Áhyggjur af loftmengun og svifriki vegna umferðarþunga í nágrenninu

Helstu athugasemdir frá foreldrafélagi Brákarborgar

- Áhyggjur af svifryksmengun frá Sæbraut, beðið er um mælingar og mótvægisáðgerðir
- Umferðarþungi á svæðinu áhyggjuefni
- Beðið um að stjórnendur fái fullt vald til skipulagningar starfsins í nýjum leikskóla

- Áhyggjur af stærð leikskólans og sameiningu
- Beðið um að tryggt sé að nýr leikskóli sé án rakaskemmda og sé heilsusamlegur í alla staði

Helstu athugasemdir frá starfsfólki Brákaborgar

- Bent er á að auka þurfi starfshlutfall stjórnenda í samræmi við stækkun leikskólans
- Tryggja þarf faglega vinnu við starfshætti og stækkun leikskólans með stuðningi þeirra sem hafa reynslu af svipaðri starfsemi
- Ráðning nýs starfsfólks verði tímanlega svo starfsfólk sem fyrir er verði ekki fyrir miklu álagi
- Bent er á að tryggja upplýsingagjöf þegar kemur að tímalínu framkvæmda og opnun leikskólans
- Með breyttu fyrirkomulagi í rekstri leikskólans þarf að standsetja gamla Brákarborgarhúsið fyrir þá starfsemi sem er áætlað að þar verði

Viðbót við tillögu

Á grunni umsagna tillögunnar er lagt til að við fyrri tillögu komi svohljóðandi viðbót:

Stofnaður verði samráðshópur sem hefur það hlutverk að vinna að stækkun leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp og að tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra. Leikskólastjóra Brákarborgar ásamt fulltrúa fagskrifstofu leikskólamála skóla- og frístundasviðs verði falið að stýra vinnu hópsins og fulltrúi mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs verði starfsmaður hópsins. Í hópnun sitji fulltrúi millistjórnenda leikskólans, fulltrúi annars starfsfólks og fulltrúi foreldra. Fulltrúi fagskrifstofu leikskólamála verði jafnframt tengiliður vegna framkvæmdahluta verkefnisins.

Reykjavík, 8. febrúar 2021

UMSÖGN foreldraráðs Brákarborgar um tillögu skóla- og frístundaráðs um stjórnun og reksturs nýs leikskóla við Kleppsveg

Mikil ánægja er meðal foreldra með núverandi stjórnun og rekstur Brákarborgar, sem er lítill leikskóli og býður upp á faglegt starf, góða sérkennslu, hlýjan anda og persónuleg samskipti. Foreldraráð ber fullt traust til Sólrúnar Óskarsdóttur leikskólaláttjóra og annarra stjórnenda Brákarborgar þegar kemur að því að útvíkka starfsemi leikskólans yfir í nýtt húsnæði við Kleppsveg/Holtaveg. Foreldraráðið styður því tillögu skóla- og frístundaráðs, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) Tryggt verði að breytinga- og framkvæmdatímabil hafi ekki í för með sér rót og rof í faglegu starfi fyrir þau börn sem þegar eru á leikskólanum. Stækkun leikskólans verði áfangaskipt endá er gríðarlega mikil stækkun fyrirhuguð; úr 46 börnum í 160-170. Áfangaskipting er ótvíræð forsenda þess að halda megi í kjarna starfsins í Brákarborg og tryggja samfellu í faglegu starfi. Hið nýja húsnæði verði ekki tekið í notkun fyrr en frágangi er lokið á bæði byggingum og útisvæði. Við vísun í úttekt á sameiningum leikskóla Reykjavíkurborgar frá 2018, þar sem starfsfólk lýsir því að hafa þurft að hefja starfsemi sameinaðs skóla í ókláruðu húsnæði. Einnig vísun við í yfirstandandi framkvæmdir við leikskólann Langholt hér í hverfinu þar sem breytingar á útisvæði hafa dregist á langinn með tilheyrandi áhrifum á skóladag barnanna, mánuðum saman.
- b) Gerð verði skýr áætlun um hvernig tryggja megi samfellu í starfi þrátt fyrir tvær starfsstöðvar á sitt hvorri lóðinni og rækta áframhaldandi góð tengsl leikskólaláttjóra við allar deildir og starfið í heild. Við vísun til úttektar á sameiningum leikskóla, þar sem kemur ítrekað fram óánægja með tveggja starfsstöðva fyrirkomulag þegar lóðir eru ekki samliggjandi. Kvartað er yfir fjarlægð stjórnenda frá daglegu starfi, óhagræði og auknu álagi á stjórnendur. Tryggja verður að fyrirkomulagið bitni ekki á líðan og menntun barnanna í skólanum.
- c) Þann 3. febrúar 2021 tilkynnti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fyrirhugaða loftbrú frá Gufunesi yfir á Sæbraut. Áætlað er að umferð komi upp Holtaveg að Sæbraut. Foreldraráð lýsir yfir áhyggjum af þessum fyrirætlunum, sem og umferðarmálum og loftmengun í kringum hina nýju leikskólalóð almennt. Gatnamót Holtavegar og Sæbrautar eru nú þegar afar fjölfarin. Auk þess er mikil umferð síðdegis á virkum dögum upp Holtaveg frá Sæbraut vegna frístundaheimilisins Glaðheima og stöðugur inn- og útakstur á bílastæði gegnt hinni fyrirhuguðu leikskólalóð. Ástandið þar er nú þegar slíkt að foreldrar upplifa staðinn sem óruggan fyrir börn og aðra vegfarendur. Foreldraráðið fagnar áætlunum um lækkan hámarkshraða í 30km/klst en krefst þess að gerð verði sérstök úttekt á umferðarmálum við Holtaveg/Kleppsveg og ráðist í framkvæmdir til að tryggja öryggi barna og aðstandenda þeirra. Sömuleiðis fer foreldraráðið fram á að langtímamælingar á svifryki verði gerðar við nýju lóðina til að meta megi hvort loftmengun yrði ógn við heilsu barna og starfsfólks, með vísun í áhrif svifryks á starfsemi leikskólans Steinhlíðar sem stendur í svipaðri loftlínu við Sæbraut.

Foreldraráð Brákarborgar 2020-21

Aldís Guðbrandsdóttir, Andri Guðmundson, Auður Halldórsdóttir og Salka Guðmundsdóttir

10. febrúar 2021, Reykjavík

UMSÖGN stjórnar foreldrafélags Brákarborgar um tillögu skóla- og frístundaráðs

Mikil ánægja er meðal foreldrafélags Brákarborgar með leikskólastarfið í núverandi mynd. Börnunum líður vel í leikskólanum, starfsfólkið leggur sig fram við að eiga góð samskipti við foreldra og sinnir nemendunum af mikilli kostgæfni. Sérkennslan er sérlega öflug að mati og vel haldið utan um hana sem og annað faglegt starf á leikskólanum. Leikskólastjórinn tekur virkan þátt í öllu sem fram fer í leikskólanum og ber foreldrafélagið mikið traust til hennar. Þá vill foreldrafélagið einnig taka skýrt fram að samtal milli deilda og blöndun barna þvert á deildir hefur jákvæð áhrif á þau og skólastarfið í heild sinni.

Samhljómur er meðal stjórnarinnar um að lýsa yfir fullu trausti í garð starfsmanna, deildarstjóra og stjórnenda Brákarborgar, undir stjórn Sólrúnar Óskarsdóttur leikskólastjóra, þegar að því kemur að leiða þetta krefjandi verkefni.

Stjórn foreldrafélagsins vill þó koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

1. Staðsetning á nýju húsnæði leikskólans vekur upp spurningar varðandi öryggi barna vegna umferðar og svifryksmengunar, þá sérstaklega í ljósi nýlegrar ákvörðunar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um byggingu og staðsetningu Sundabruar sem ójákvæmilega hefur í för með sér aukinn umferðarpunga. Einnig er núverandi ástand á svæðinu áhyggjuefni þar eð mikil umferð er í kringum frístundaheimilið Glaðheima og þar myndast iðulega flöskuhálsar á annatímum. Foreldrar sem fara þarna um með börnin hafa lengi áhyggjur af öryggi þeirra og svifryksmengun frá Sæbraut er nú þegar mikil og mælist víða í hverfinu. Farið er fram á tímasetta áætlun yfir mótvægisáðgerðir til að spyrna gegn þessari þróun og tryggja heilsu og öryggi barnanna á svæðinu.
2. Reynsla foreldra af sameiningu leikskóla hefur ekki alltaf verið jákvæð og stærri leikskólar í hverfinu verið minna aðlaðandi valkostir. Smæð leikskólans var í flestum tilfellum mikilvægur þáttur í vali foreldra á Brákarborg og sú nánd sem fylgir litlum og persónulegum leikskóla. Mörg börn sem nú stunda nám í Brákarborg komu þangað af stærri leikskólum í hverfinu vegna óánægju foreldra með aðbúnað þeirra og menntun. Því fer stjórnin fram á að tryggt verði að stjórnendur Brákarborgar fái óskorað skipulagsvald yfir öllum þáttum sem viðkoma stækkuninni, eins og þeir telja nauðsynlegt.
3. Stjórnin vill einnig koma á framfæri að stækkunin verði ekki til þess að systkin geti ekki notið samverustunda og stuðnings hvors annars á leikskólanum.
4. Stjórnin lýsir yfir áhyggjum af núverandi ástandi húsnæðis á lóðinni við Kleppsveg, þ.e.a.s. þeim hluta er nú hýsir verslunina Adam og Eva. Stjórnin fer fram á að öryggi barna verði tryggt að fullu með heildstæðri úttekt, þá sérstaklega að öruggt sé að ekki fyrirfinnist raki/mygla í húsnæðinu.

F.H. stjórnar foreldrafélags Brákarborgar

Kristjana Rós Guðjohnsen - formaður stjórnar

Greinargerð starfsfólks Brákarborgar um stækkun skólans.

Almennt er starfsfólk Brákarborgar spennt og jákvætt fyrir fyrirhuguðum breytingum varðandi stækkun á skólanum. Ýmsar vangaveltur hafa verið ræddar meðal starfsfólks og verður greint frá þeim helstu í þessari samantekt.

Stjórnendur

Starfsfólk hefur áhyggjur af auknu álagi á stjórnendur skólans, sérstaklega skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Verður starfshlutfall þeirra aukið í þeirri miklu vinnu sem fram undan er í stækkun Brákarborgar? Sem dæmi er staða aðstoðarleikskólastjóra 20% og auk þess sinnir hann starfi sérkennslustjóra (sem er mikil vinna). Verður starfshlutfall stjórnenda aukið í samræmi við þá vinnu sem bætist við vegna stækkunar skólans? Hvenær verða ráðnir inn fleiri deildarstjórar? Okkar mat er að æskilegast væri að þeir yrðu sem mest með í breytingarferlinu. Mikið álag er að reka núverandi skóla og því mikilvægt að huga að og styðja við stjórnendateymið til að það geti sinnt sem best og faglegast núverandi starfi auk stækkunar skólans.

Til að starfsdagar sem nú þegar eru á skóladagatali nýtist áfram eins og þeir eiga að gera í undirbúning og mat á faglegu skólastarfi og endurmenntun starfsfólks, velta deildarstjórar fyrir sér hvort auka þurfi skipulagsdögum eða fundum eftir vinnu til að vinna sem best að tilvonandi stækkun Brákarborgar.

Einnig er mikilvægt að við fáum tækifæri til að ræða við skólastjórnendur sem hafa gengið í gegnum svipaða breytingu á skólastarfsemi sinni. Mikilvægt er að geta lært og fengið ráðleggingar út frá þeirra upplifun og reynslu.

Okkur til rökstuðnings viljum við vitna í Siðareglur kennara sem okkur ber að starfa eftir.

„Kennari:

Menntar nemendur.

Eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.

Sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.

Skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.

Hefur jafnrétti að leiðarljósi.

Vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.

Kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.

Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.

Vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.

Sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

Gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.“

Lög og reglur

Leikskólinn starfar og ber skylda til að fylgja **Lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og Siðareglum kennara**, ásamt því að standa á sama tíma í svo miklum breytingum sem þessum þá þarf að endurskoða starfshlutfall stjórnenda og styrkja stjórnendur enn frekar til að ekkert bregði út af. Einnig er mikilvægt atriði með ráðningu nýs fólks í hús, hvenær það ferli á sér stað. Það er okkur mikilvægt að geta unnið samkvæmt námskrá og sýnt fagmennsku. Að staðið verði þannig að verki að starfsfólk og stjórnendur þurfi ekki að sinna „tvöföldu“ hlutverki meðan á breytingum stendur eins og við erum nú þegar farin að finna fyrir. Nauðsynlegt er að ráða strax inn fagfólk til að geta haldið stundaskrá ásamt því að vera í undirbúningsferli fyrir stækkun. Okkur til rökstuðnings vitnum við í Lög um leikskóla

„2. gr. Markmið.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi.

Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til manlegra samskipta.“

Vinnuaðstaða og starfsandi

Ný bygging mun líka laða að nýtt starfsfólk þar sem við teljum að núverandi bygging hafi í gegnum tíðina oft fælt fólk frá vegna smæðar og lélegs vinnurýmis.

Mikil áskorun er að viðhalda Brákarborgarandanum sem felur í sér mikla nánd, samheldni og upplifununni að starfsmannahópurinn sé ein stór fjölskylda í stærri einingu. Hvernig heldur starfsmannahópurinn í þann anda? Hvernig sjáum við samvinnu á milli húsa fyrir okkur, tryggjum að starfsfólkið þekki hvort annað og upplifi að það vinni í sama vinnustaða að sömu markmiðum? Þetta er gerlegt en lýtur út fyrir að vera þungt í vöfum, sem dregur okkur enn og aftur að þeirri niðurstöðu að mikilvægt er að auka við starfshlutfall í stjórnendateymi skólans til þess að þetta gangi sem best fyrir sig.

III. kafli. Starfsfólk leikskóla.

■ 6. gr. Ráðning.

- Um ráðningu leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og nánari fyrirmælum í samþykkt um stjórn sveitarfélags eftir því sem við á.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna, enda fáist ekki leikskólakennari til starfsins. Kveða má á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara gagnvart öðru starfsfólki leikskóla í reglugerð.
- Óheimilt er að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

■ 7. gr. Starfsfólk.

- Starfsfólk leikskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki.
- Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.
- Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnst nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Eldhús

Starfsfólk veltir fyrir sér hvernig staðið verður að eldhúsmálum. Til að geta framfylgt lýðheilsu- og markmiðum Velferðarráðuneytisins þarf að gæta vel að eftirfarandi atriðum:

Matráður /matreiðslumaður í eldhúsi, mikilvægt væri að ráða inn fljótlega, til að undirbúa eldhúslínuna sem best og sú/sá sem tekur það starf að sér fái að vera með í ferlinu, kynnst starfseminni, flæðinu á milli og hafi með hlutina að gera. Hvernig verða eldhúsmálum háttað, verður eldað í báðum húsum? Ef ekki hvernig

verður maturinn fluttur í gamla Brákarborgarhúsið? Verður Matartíminn áfram eða verður hægt að ráða kokk eða aðstoðarmenn?

Tímalína

Starfsfólki finnst mikilvægt að tímalína framkvæmda sé skýr og það sé upplýst um framgang mála og stjórnendur fái að vera með í ráðum. Eftirfarandi hugleiðingar hafa komið fram hjá starfsfólki.

Hvernær er áætlað að húsið við Kleppsveg verði tekið í notkun?

Tímalína, hvernig eru verkferlar settir upp hjá framkvæmdaaðilum?

Forgangsröðun á breytingum og í framhaldi af því inntaka nýrra barna og ráðningu starfsfólks?

Mikilvægt að vita hvernig á að vinna þetta og fá að fylgjast vel með ferlinu. Tekið sé tilliti til starfshátta og að fagmennska sé höfð að leiðarljósi. Gæta skal þess að stöðugt samtal sé á milli framkvæmdaraðila og stjórnenda leikskólans svo að aðbúnaður og kennslurými úti og inni sé þannig úr vegi gert að það henti bæði nemendum og kennurum. Ekki má gleyma því að leikskólinn er fyrsta skólastigið.

Brákarborgarhúsið

Hvenær verður núverandi húsnæði og leiksvæði Brákarborg breytt og bætt í samræmi við þá starfsemi sem þar er áætlað að verði?

Hvernig verður starfsemin háttað á meðan breytingar fara fram á húsnæðinu?

Hvernig verður aðgengi að gamla húsinu, á það að vera eins eða á breyta því? Er ætlast til að börn í ungbarnaleikskóla gangi upp og niður tröppur til að fara á deildina sína?

Hvernig verður staðið að breytingum til að uppfylla að skiptiaðstaða verði fullnægjandi?

Verða húsgögn, leikföng og námsefni endurhugsað með tillit til ungs aldurs barna?

Hvenær og hvernig verður garðurinn endurhannaður til að uppfylla þarfir yngri barna?

Hvernig verður vinnuaðstaða kennara uppfyllt? Henni er ábótavant eins og hún er nú þegar og hafa kennara þurft að sætta sig við ófullnægandi vinnuaðstöðu í mörg ár og búa við það að hafa skrifstofugám frá því í maí 2020.

Börn og Lausnaringurinn

Með stækkuninni verða meiri möguleikar til að skapa fjölbreytni í starfi með börnum, t.d. að geta skipt þeim meira í hópa og haft næði í starfi með þeim. Fleiri nemendum fylgir meira félagaval, sérstaklega fyrir eldri börnin.

Við sjáum líka kost í stækkuninni að fá tækifæri til að kenna lausnaringinn okkar og að bjóða það góða starf sem er í Brákarborg til fleiri nemanda.

